



Reykjavík 1. apríl 2022

## **Niðurstaða athugunar á útreikningi váttryggingaskuldar og starfssviði tryggingastærðfræðings Sjóvá-Almennra trygginga hf.**

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hóf vettvangsathugun hjá Sjóvá-Almennum tryggingum hf. (félagið) í mars 2021.

Markmið athugunarinnar var að fara yfir forsendur, aðferðir og ferli við útreikning váttryggingaskuldar og hvernig framkvæmd verkefna starfssviðs tryggingastærðfræðings væri háttað hjá félaginu. Í þessu sambandi var einkum litið til laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi (vtsl.) og framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/35 (reglugerðin). Má þar einkum nefna útreikning váttryggingaskuldar, mat á gæðum gagna sem notuð eru við útreikninginn, val á forsendum og aðferðum við útreikning, skjölun ferla og sannreyningu niðurstaðna, auk miðlunar niðurstaðna til framkvæmdastjórnar og stjórnar.

Athuginin fór fram með yfirferð gagna og viðtölum við þá aðila sem starfa að, undirbúa eða fá upplýsingar um verkefni starfssviðs tryggingastærðfræðings. Má þar einkum nefna tryggingastærðfræðing og starfsmann hans, en jafnframt var fundað með forstjóra og stjórnarformanni, auk aðila af tjónasviði. Samhliða var gerð athugun hjá dótturfélaginu Sjóvá-Almennum líftryggingum hf.

Skýrsla vegna athugunarinnar lá fyrir í september 2021. Með hliðsjón af þeim gögnum og upplýsingum sem aflað var við athuginina hefur fjármálaeftirlitið lokið skoðun á þeim annmörkum sem tilgreindir eru í umræddri skýrslu og gerði eftirfarandi athugasemdir við félagið:

- Að efnistöð og umfjöllun í skýrslu starfssviðs tryggingastærðfræðings samkvæmt 8. mgr. 272. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2015/35 hafi verið nokkuð takmörkuð, ekki tæmandi eða að einhverju leyti ónákvæm um atriði er varða verkefni sem tilgreind eru í b-, c- og e-liðum 1. mgr. 48. gr. vtsl., sbr. 2. og 3. mgr. 272. gr., sbr. 1. og 3. mgr. 19. gr. reglugerðarinnar, og b-lið 1. mgr. og 5. mgr. 272. gr. reglugerðarinnar.
- Að ekki hafi legið fyrir tilskilið mat við beitingu hlutfallsreglu við útreikning váttryggingaskuldar með einfölduðum útreikningum í samræmi við 2. mgr. 56. gr. reglugerðarinnar.
- Að skjölun á ferli sannreyningar ásamt mati á áreiðanleika og nægjanleika váttryggingaskuldar hafi ekki verið fullnægjandi, sbr. d-lið 1. mgr. 265. gr., sbr. og g-lið 1. mgr. 264. gr. reglugerðarinnar.